

Viðskiptaskilmálar

Humielectro Ísland ehf, kt. 5302180900

Sími: +354 599 4000 | humielectro@humielectro.is | www.humielectro.is

Almennt

Þessir skilmálar gilda um öll viðskipti við Humielectro Ísland ehf, hvort sem um er að ræða kaup eða leigu á rakavarnartækjum (EOWS 322 og AIR+PLUS 3201) og tengdri þjónustu. Með því að staðfesta pöntun eða undirrita samning samþykkir viðskiptavinurinn þessa skilmála.

Þjónusta og vörur

Humielectro selur og leigir tvær tegundir tækja: EOWS 322 þráðlausa rafsmósulausn gegn rakauppsogi og AIR+PLUS 3201 snjallstýrða loftræsingu gegn þéttingarraka og myglu. Innifalið í verði við á kaup á EOWS 322 er rakamælingar við uppsetningu, og eftirfylgniheimsókn 6–8 mánuðum síðar.

Verð og greiðsluskilmálar

Við kaup er verð ákvarðað í samræmi við tilboð sem viðskiptavinur fær en það fer eftir stærð verks og tegund tækis. Við leigu er lágmarksleigutími 12 mánuðir og samningur er uppsegjanlegur af báðum aðilum með 30 daga skriflegum fyrirvara. Uppsögn þarf að berast eigi síðar en 20. hvers mánaðar til að hún taki gildi frá og með næsta mánaðarmóti að 30 dögum liðnum.

Leigutæki er og helst í eigu Humielectro Ísland ehf. Við skil skal leigutæki vera í sama ástandi og við afhendingu, að eðlilegri slitun undanskilinni. Skemmdir, brot eða tap á tæki eru á kostnað leigutaka og verða metin og reikningsfærð af Humielectro.

Uppsetning er innifalin í leiguverði og felur í sér uppsetningu tækisins. Humielectro sér um að ganga frá uppsetningu þannig að tækið sé tilbúið til notkunar. Við lok leigutíma sér Humielectro um að taka tækið niður og sækja það. Frágangur eftir fjarlægingu tækisins, þar með talið lokun boraðra gata, viðgerðir á veggjum eða öðru yfirborði, er á ábyrgð leigutaka.

Humielectro Ísland ehf áskilur sér rétt til að endurskoða og breyta leiguverði á samningstíma. Slíkar breytingar skulu tilkynntar leigutaka skriflega áður en þær taka gildi.

Greiðslur fara eftir samkomulagi og er sendur reikningur í heimabanka. Eindagi reiknings er 3 dögum eftir útgáfu nema annað sé samið um. Við vanskil er heimilt að innheimta dráttarvexti skv. lögum nr. 38/2001.

Ábyrgð

EOWS 322 fylgir 30 ára ábyrgð á tækinu. AIR+PLUS 3201 fylgir 5 ára samkvæmt ábyrgðarskilmálum. Kaupverð er endurgreitt að fullu ef tæki uppfyllir ekki tilgang sinn, að uppfylltum ábyrgðarskilyrðum.

Ábyrgð fellur niður við óleyfilegar breytingar á tæki, brotið innsigli, lengra óstarf (yfir 1 mánuður), eða vanrækt síuviðhald (AIR+PLUS 3201). Ábyrgð fer að öðru leyti eftir ábyrgðarskilmálum sem fylgja hverju tæki við afhendingu.